


# ORKUSTOFNUN

## Ársskýrsla 1990



# Ávarp stjórnarformanns

Starfsemi Orkustofnunar árið 1990 var með svipuðu sniði og árið áður. Ráðstöfunarfé stofnunarinnar bæði fjárveiting og sértekjur var svipað og árið áður og í fyrsta sinn í mörg ár var ekki samdráttur í starfseminni milli ára. Heildarráðstöfunarfé stofnunarinnar á árinu var um 340 Mkr. Í fjárlögum ársins 1991 er gert ráð fyrir mjög svipuðu ráðstöfunarfé og síðustu tvö ár og er því ástæða til að líta svo á að áralöngum samdrætti á sviði orkurannsókna sé lokið. Nú á að vera unnt að skipuleggja orkurannsóknir til lengri tíma út frá þessum fjárhagsramma. Stjórn Orkustofnunar telur að stofnuninni beri að virða þann fjárhagsramma sem Alþingi setur henni. Því er ekki að leyna að nágildandi rammi sníður stofnuninni allþróngan stakk og eins og oft vill verða sitja á hakanum ýmis rannsóknarverkefni sem æskilegt væri að geta sinnt. Til lengri tíma litið leyfir sá rammi sem fjárlög setja stofnuninni nú ekki óbreyttan fjölda starfsmanna. Að því hlýtur að koma að skortur á rekstrarfé hafi óæskileg áhrif á verkefnaval og komi niður á nauðsynlegri endurnýjun rannsóknartækja. Stjórn Orkustofnunar hefur af þessum sökum lagt ríka áherslu á að ráðningar nýrra starfsmanna verði í lágmarki og að í hvert skipti sem starf losnar skuli skoða vandlega hvort unnt er með hagræðingu og skipulagsbreytingum að komast hjá nýráðningu.

Þótt heildarumsvif stofnunarinnar verði óbreytt frá ári til árs er ekki þar með sagt að verkefnin séu ávallt í föstum skorðum. Þvert á móti er áherslan á hina ýmsu verkefnaflokka síbreytileg. Skipulag og starfshættir Orkustofnunar burfa því að vera þannig að stofnunin geti aðlagað sig breyttum áherslum. Forðast ber að binda sig við fortíðina að því er snertir fjöldi starfsmanna á einstökum fagsviðum og verkefnafloknum. Þar verður framtíðin ein að ráða.

Á næstunni mun starfsemi Orkustofnunar mótað að talsverðu leyti af hvað verður úr áformum sem nú eru uppi um orkufrekan iðnað. Verði þau áform að veruleika, verður á næstu árum virkjað á næstu árum virkjunarstöðum sem nú eru fullrannsakaðir. Er því nauðsynlegt að gera sérstakt áatak í vatnsorkurannsóknum til að Orkustofnun fullnægi þeiri skyldu sinni að sjá til þess að ávallt verði um nokkra kosti að velja til virkjunar þannig að unnt sé á hverjum tíma að virkja þar sem hagkvæmast er miðað við markaðsaðstæður. Verði hinsvegar ekkert úr áformum um orkufrekan iðnað eru líkur á að dragi úr vatnsorkurannsóknum á næstu árum.

Eins og undanfarin ár voru rannsóknir á sviði jarðhita á árinu 1990 umfangsmesta rannsóknarsviðið á Orkustofnun. Um 55% af rannsóknarfé stofnunarinnar rann til jarðhitadeilda, ef Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna er talinn með. Til Jarðhitadeilda að frátoldum skólanum rann um 48% fjárlins. Jarðhitarannsóknir taka nú mið af því að ekki eru uppi nein áform um virkjanir nýrra jarðhitasvæða hvorki lághita- né háhitasvæða. Rannsóknirnar beinast nú í ríkum mæli að því að tryggja rekstraröryggi þeirra orkuþyrtaekja sem nýta jarðhita bæði með því að afla betri almennrar þekkingar á eðli jarðhita og aukínnar þekkingar á einstökum jarðhitasvæðum. Veigamikill þáttur í þessu eru rannsóknir á sviði forðafræði og þróunnar aðferða til að meta viðbrögð jarðhitasvæða við langvarandi vinnslu.

Umhverfisáhrifum jarðhita hefur til þessa verið lítill gaumur gefinn og löngum verið fullyrt að jarðhitanyting hafi ekki mengun í för með sér. Því miður er sú fullyrðing ekki allskostar rétt og jarðhitanyting hefur eins og önnur orkuvinnsla áhrif á umhverfið.

Nú á tímum eru gerðar vaxandi kröfur til umhverfisverndar á öllum sviðum og verður að leggja áherslu á rannsóknir sem gera kleift að meta umhverfisáhrif jarðhitatanýtingar í víðustu merkingu.

Starfsemi Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna er sérstakt verkefni innan Jarðhitadeilda. Starfsemi skólands er að mestu kostuð af fjárframlagi sem Alþingi veitir til Utanríkisráðuneytisins. Starfsemi Jarðhitaskólans er tvímælalaust árangursríkasta framlag íslendinga til þróunarhjálpar. Framlagi þessu koma íslendingar sjálfir milliliðalaust til þeirra sem þess njóta. Unnt er að fylgjast með árangri þróunarhjálparinnar eftir á þar sem í þróunarlöndunum eru starfandi á sínum sérfræði-sviðum flestir þeir nemendur sem hér hafa hlotið þjálfun. Segja má að starfsemi skólands hafi hlotið viðurkenningu við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1991 þegar Alþingi ákvæð að hækka framlag til Jarðhitaskólans um sem nemur um það bil fjórungi að raungildi frá árinu áður.

Um nokkurt skeið hefur staðið til að efla rannsóknir á sviði orkubúskapar, en minna orðið úr en skyldi. Hér á landi hefur náðst mun minni árangur í orkusparnaði en viðast hvar annars staðar á Vesturlöndum. Sem dæmi má nefna að allur sá sparnaður sem orðið hefur í olíunotkun á síðustu 20 árum vegna nýrra hitaveitna gerir ekki meir en að vega upp aukna olíunotkun fiskiskipaflotans á sama tíma. Rannsóknir á sviði orkubúskapar gegna miklu hlutverki í öllum áætlunum um orkusparnað. Pessum rannsóknum ber Orkustofnun að sinna. Aðgerðir á sviði orkusparnaðar verða hinsvegar fyrst og fremst á hendi orkuframleiðenda og notenda, en Orkustofnun getur einnig þar átt hlut að máli með öflugu ráðgjafarstarfi.



# Yfirlit orkumálastjóra yfir íslensk orkumál 1990

## Orkunotkun og orkuvinnsla

Heildarnotkun orku í þjóðarbúskap Íslendinga á árinu 1990 var 2536 þús. tonn að olíuígildi, þ.e. jafngilti orkunni í svona mörgum olíutonnum, sem er 106,5 petajoule (PJ). Hún skiptist á orkugjafa á þann hátt sem taflan hér að neðan sýnir. Árið 1989 er sýnt til samanburðar. Miðað við íbúafjölda landsins hinn 1. desember 1990 var orkunotkunin á mann 416 gígajoule (GJ) sem er með því mesta sem gerist í heiminum.

Í þessari töflu er meðtalið það eldsneyti sem Íslendingar kaupa erlendis í flugi og siglingum milli landa. Þetta eldsneyti er ekki tilgreint í opinberum innflutningsskýrslum, og þarf því að afla gagna um það sérstaklega. Slík gagnaöflun er hinsvegar of viðamikil til að framkvæma á hverju ári, en það er gert á nokkurra ára fresti, í tengslum við endurskoðun á eldsneytisspá. Árin þar á milli verða birtar tölur úr nýjustu eldsneytisspá. Svo er gert fyrir 1990. Sökum þess hve upplýsingar um ýmiss not jarðvarma hér á landi eru enn ófullkomnar er svipaður háttur hafður á um jarðvarmanotkun.

### Heildarnotkun orku á Íslandi 1990 og 1989

Gross Consumption of Energy in Iceland in 1990 and 1989, in ktoe and PJ, from hydro, geothermal, oil products and hard coal respectively.

	1990			1989		
	Þúsundir tonna að olíuígildi	PJ	%	Þúsundir tonna að olíuígildi	PJ	%
Vatnsorka	927	38,9	36,6	939	39,4	37,5
Jarðhiti	793	33,3	31,3	763	32,1	30,5
Olía	742	31,2	29,2	717	30,1	28,6
Kol	74	3,1	2,9	84	3,5	3,4
Samtals	2536	106,5	100,0	2503	105,1	100,0

### Raforkuvinnsla og verg raforkunotkun 1990 og 1989

Generation and Gross Consumption of Electricity 1990 and 1989.

	1990		1989		Aukn. 1989/90
	GWh	%	GWh	%	%
<b>Uppruni raforku</b>					
Úr vatnsorku	4159	93,5	4213	94,1	-1,3
Úr jarðhita	283	6,4	258	5,8	9,7
Úr eldsneyti	5	0,1	4	0,1	25,0
Samtals	4447	100,0	4475	100,0	-0,6
<b>Tegund raforku</b>					
Fastaorka	3796	85,4	3807	85,1	-0,3
Ótryggð orka <sup>1)</sup>	651	14,6	668	14,9	-2,6
Samtals	4447	100,0	4475	100,0	-0,6
<b>Notkun að töpum meðtöldum</b>					
Stóriðja <sup>2)</sup>	2229	50,1	2307	51,6	-3,4
Almennt notkun	2218	49,9	2168	48,4	2,3
Samtals	4447	100,0	4475	100,0	-0,6

(1) Stóriðja og rafskautskatlar. Flutnings- og dreifitöp meðtalin

(2) Flutningstöp vegna stóriðjurafmagns talin 4,5%, flutnings- og dreifitöp vegna almennrar rafmagnsnotkunar reiknuð 8,5%

Hér er orkan reiknuð að hætti Alþjóðlega orkumálaráðsins og fleiri alþjóðastofnana svo sem OECD og IEA. Þessi háttur reiknar vatnsorkuna og jarðhitann sem jafngildi þeirrar olíu sem þarf að brenda til að sjá notandannum fyrir sömu þjónustu og þessir orkugjafar gera.

Í árslok 1990 sá jarðvarmi fyrir 85% af orkuþörfum til húshitunar á Íslandi, og um 82% landsmanna hituðu hús sín með jarðhita.

Árið 1990 voru flutt inn 647 þús. tonn af olíuvörum og 95 þús. tonn af steinkolum.

## Vinnsla og notkun raforku 1990

Vinnsla og notkun raforku hér á landi árið 1990 er sýnd á töflunni hér til hliðar þar sem árið 1989 er sýnt til samanburðar.

Almenn raforkunotkun er ávallt nokkuð háð hitastigi, sem er síbreytilegt frá ári til árs. Ef breyting almennrar notkunar frá 1989 til 1990 er leiðrétt fyrir áhrifum hitans óx notkunin um 3,6% í stað 2,3% eins og sýnt er í töflunni.

## Orkuframkvæmdir og rekstur orkukerfisins

Við Blönduvirkjun hélt **Landsvirkjun** áfram framkvæmdum. Voru þær í hámarki á árinu, og starfsmenn um 500 þegar þeir voru flestir.

Unnið var við flesta aðalverkþætti virkjunarinnar. Blöndustífla var hækkuð í 17 m og vantar aðeins 6 m á fulla hæð hennar vegna fyrri áfanga líosins. Kolkustífla var fullgerð og greftri veitskurða lokið að mestu leyti.

Gilsárstífla var hlaðin í 27 m hæð, en á eftir að hækka um 7 m. Unnið var við litla stíflu við Friðmundarvatn, veituleið þaðan að Gilsárvatni, aðrennslisskurði að inntaki, inntaksbyggingu, stíflur í inntaksskurði og lokið var við fyllingu þípuskurðar. Gröftur frárennslisskurðar átti að hefjast á árinu en hófst ekki vegna deilna við landeigendur.

Í stöðvarhúsi var lokið við að steypa umhverfis tvær vélar af þremur og við byggingu stjórnihúss. Starfsmannahús og stöðvarstjórahús voru steypt upp.



Yfirlitsmynd af virkjunarsvæði Blönduvirkjunar. Neðarlega fyrir miðju sést aðalstífla miðlunarlóns. (Ljósm./Photo Oddur Sigurðsson).

*Aerial view of the Blanda hydropower project site, North Iceland. The main dam construction can be seen in the foreground.*

Niðursetning véla hófst í júní og var gengið frá hverfisniglum allra vélanna á árinu og byrjað að setja niður sáttur 1. vélar. Lyfta milli stöðvarhúss og stjórnáhúss var sett upp en frágangi er ekki lokið. Lokið var uppsetningu stöðvarhússkranra og frágangi þrýstivatnspípu og að mestu gengið frá lokum í inntaki og sográsarlokum. Settar voru upp lokur í Gilsárstíflu og Kolkustíflu að hluta, en stjórbúnað þeirra vantar.

Unnið var við Blönduvirkjun á árinu fyrir um 2600 Mkr.

Á 25 ára afmæli Landsvirkjunar hinn 1. júlí 1990 lagði forseti Íslands hornstein að Blönduvirkjun að viðstöddum fjölda boðsgesta.

Á árinu var unnið við hönnun byggingarmannvirkja við Búrfellsvirkjun II og gerð útboðsgagna fyrir þau. Fljótdalsvirkjun var endurhönnuð fyrir jarðgöng sem vatnsvegi í stað skurða; stærð miðlunar og uppsett afl var endurskoðað og unnið að gerð útboðsgagna fyrir Eyjabakkastíflu, jarðgöng, stöðvarhús, vélar og rafþúnað. Átta

rannsóknarholur með kjarnatöku voru boraðar og gerðar ítarlegar bergtæknilegar rannsóknir á kjörnum. Lokið var við að gera jarðfræðikort af virkjunarsvæðinu og berglög kortlögð nákvæmar en áður. Könnuð var þykkt lausra jarðлага við Eyjabakkastíflu og rannsókuð steypuefni þar og í Fljótdal. Unnið var að vegagerð á Fljótdalsheiði og lokið við að grafa laus jarðlög frá munna aðkomuganga að stöðvarhúsi.

Boruð var ein hola við Kröflu með stækkan virkjunariðnar þar úr 30 í 60 MW í huga.

Unnið var að undirbúningi 220 kV háspennulína frá Fljótdal til Akureyrar, frá Akureyri um Sprengisand að Hrauneyjafossi og frá Búrfelli að Hamranesi.

**Rafmagnsveitur ríkisins** luku á árinu við að byggja nýja aðveitustöð við Rimakot í Landeyjum. Jafnframt var spennan á línum frá Hvolsvelli þang að hækkuð úr 33 í 66 kV. Bygging stöðvarinnar er liður í ráðstöfunum til

að auka flutningsgetu á raforku til Vestmannaeyja. Tengingar inn á 33 kV strengi til Vestmannaeyja voru styrktar og lögð var 10 km löng 33 kV lína frá Rimakoti að Seljalandi. Spennan á línum milli Selfoss og Hvolsvallar var hækkuð úr 33 í 66 kV.

Lagður var tæplega 13 km langur 11 kV strengur frá aðveitustöð að Hólum í Hornafirði að ratsjárstöðinni á Stokksnesi. Einnig voru lagðir 11 og 19 kV strengir frá aðveitustöð við Eyrindará til Egilsstaða; frá aðveitustöð við Skagaströnd til tengingar við innanbæjarkerfi þar og frá Ólafsvík að Rifi.

Byrjað var á lagningu nýrrar 66 kV línu frá Hveragerði til Þorlákshafnar sem gert er ráð fyrir að ljúka við 1991.

Stíflumannvirki við Smyrlabjargaá voru styrkt og endurnýjaður var hluti af vatnspípu við Garðsárvirkjun í Ólafsfirði.

Eins og undanfarin ár var unnið að því að styrkja og endurbæta innanbæjarkerfi á þéttbýlisstöðum á orkuveitu-

svæði Rafmagnsveitna ríkisins. Til bessa verkefnis var varið 70 Mkr. á árinu.

Eldri 33 kV sæstregurinn til Vestmannaeyja bilaði í mars þegar fiskiskip sökk og lenti á honum. Gert var við hann í júní.

Bæði Rafmagnsveitur ríkisins og Orkuþú Vestfjarða héldu áfram á árinu að styrkjá rafdrififerfið í strjálbýli í því skyni að það ráði við það álag sem nú er komið í sveitunum, þannig að notendur þar geti búið við sambærilega þjónustu í þessum efnum og íbúar í þéttbýli, eftir því sem slíkt er gerlegt. Orkusjóður kostar þessar framkvæmdir. Varði hann til þeirra 30,6 Mkr. 1990; þar af komu 25,4 Mkr. í hlut Rafmagnsveitna ríkisins og 5,2 Mkr. í hlut Orkubús Vestfjarða.

Orkubú Vestfjarða, Orkusjóður og Rafmagnsveitur ríkisins luku á árinu við endurskoðun á eldri áætlunum um lúkningu þess hluta styrkingar dreififerfisins sem enn er eftir. Kom út skýrsla um þessa endurskoðun í nóvember. Samkvæmt henni kostar það 1060 Mkr á verðlagi um mitt ár 1990 að ljúka styrkingunni. Orkuráð hefur sent ráðherra tillögur um að verkefni þessu verði lokið á sjö árum, 1991 til 1997, og varið til þeirra 144 Mkr. árlega þann tíma.

Orkusjóður veitti einnig styrki til nýrra heimtauga í strjálbýli eins og áður, og varði til þess 21 Mkr. 1990. Það fé fór til Orkubús Vestfjarða og Rafmagnsveitna ríkisins. Sjóðurinn setti á árinu endurskoðaðar reglur um slíkar styrkveitingar eftir að hafa fengið staðfestingu ráðherra á þeim. Gengu þær í gildi 1. sept. 1990 og miða að því að hnitið styrkveitinguna betur en áður við þann tilgang sem henni er ætlaður í Orkulögum.

Á vegum **Orkubús Vestfjarða** var á árinu unnið við styrkingu á 66 kV háspennulínunni Mjólká – Breiðadalur, á 19 kV línum milli Breiðadals og Flatleyrar og 33 kV línum yfir Tröllatunguhleiði.

Unnið var við endurnýjun á 33 kV rofubúnaði í aðveitustöðinni á Hrafneyri og lokið framkvæmdum við lagfæringu á þrýstvathnspípu við Þverárvirkjun og við frágang dieselrafstöðvar á Hólmatvík. Pantað var efni til lagfæringa í Reiðhjallavirkjun.

Lokið var á árinu við rafstöðvarhús á Patreksfirði og kynsistöð í Bolungarvík. Settur var upp tveggja fasa raflínu-sími á línum Mjólká – Breiðadalur –



Yfirlitsmynd af Nesjavallavirkjun. Fremst er hluti af vinnslusvæðinu. Fjær eru vinnslutilraunastöðin og orkuverið. (Ljósmynd: Oddur Sigurðsson).

*Aerial view of the Nesjavellir geothermal power project site, SW Iceland.*

Ísafjörður. Unnið var að viðhaldi og endurbótum á eldri kerfum að venju.

Veigamestu hitaveituframkvæmdir voru eins og oft á vegum **Hitaveitu Reykjavíkur**. Á vegum þess fyrirtækis voru helstu framkvæmdir þær að lokið var í höfuðatriðum við fyrsta áfanga Nesjavallavirkjunar (varmavirkjunarnar) sem var formlega gangsett 20. september. Lokið var einnig að mestu við Nesjavallaæð til Reykjavíkur; frágangur geymis á Háhygg og smiði geyma á Reynisvatnsheiði er komin á lokastig. Lokið var við að leggja burðarlag á veg frá Kýrdal að Grafningsvegi og vegamót Grafningsvegar og heimreiðarinnar að Nesjavöllum, sem verið hafa erfið

vegna snjóþyngsla, voru endurbætt í samvinnu við Vegagerð ríkisins.

Framkvæmdir við dreififerfi voru með minna móti; minni en áætlað var. Munar þar mestu um að síðari áfanga stofnæðar í Borgarholt í Reykjavík var frestað og að framkvæmdir í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði hafa dregist saman. Um 600 ný hús voru tengd hitaveitunni á árinu; 100 fleiri en árið á undan

Vinna við útsýnishús á Öskjuhlíð gekk samkvæmt áætlun á árinu. Breytingar á innréttингum á 4. og 5. hæð ásamt smiði á geymslum og aðstöðu fyrir starfsfólk leiddu til nokkurrar kostnaðarhækunar á árinu og munu einnig

gera það á því næsta, en ekki er búist við að þær valdi teljandi seinkun á því að verkinu ljúki.

**Hitaveita Suðurnesja** stóð á árinu fyrir endureinangrun og endurbótum á frágangi á helmingi aðveituæðarinnar til Grindavíkur og á 1 km kafla á aðveituæðinni frá Svartsengi að Fitjum. Lagt var og tengt dreifikerfi fyrir 220 íbúðir á Keflavíkurflugvelli og lokið var við að leggja aðveitum að Flugstöð Leifs Eiríkssonar og hún tengd dælstöð Hitaveitunnar á Fitjum. Auk þess var lokið við ýmsar endurbætur á dreifikerfi og brunnum í því.


Í Svartsengi var lokið við uppsetningu á þremur ORMAT-vélasamstæðum og við gerð rofastöðvar. Hluti af kalda vatnsveitu orkuversins var endurbættur og styrktur og minniháttar breytingar gerðar á gufuveitu þess vegna meiri vinnslu úr gufupúðanum og áfórmá um niðurdælingu. Lokið var byggingu hljóðdeyfa á holum og skiljum.

Við Sjóefnavinnsluna á Reykjanesi var gufuveitan tekin upp og endurbætur gerðar bæði á henni og raforkuverinu.

Á rafmagnssviðinu voru þær framkvæmdir helstar að lögð var slóð meðfram væntanlegri 132 kV háspennulínu frá Hamranesi að Fitjum, undirstöður undir mörstur steyptar og þeim komið fyrir. Allt efni til línumnar var pantað. Aðveitustöð á Fitjum, 132/36/12 kV, var hönnuð og allur 132 kV búnaður í hana pantaður. Hönnuð var tenging aðveitustöðvarinnar við riðbreytistöðina á Keflavíkurflugvelli; búnaður til hennar pantaður og byrjað á lögn 36 kV strengs. Aðveitustöð í Sandgerði var endurbyggð; aðveitustöð í Garði endurbætt og aðveitulína sett í jörð að hluta; byrjað var á lagningu 36 kV jarðstrengs, með 25 – 30 MW flutningsgetu, frá aðveitustöðinni á Fitjum til Helguvíkur og gerðar ýmsar viðbætur við og endurbætur á aðveitu- og dreifikerfi á Suðurnesjum.

## Verðlag á orku

Heildsölugjaldskrá Landsvirkjunar hækkaði ekki á árinu sem leiddi til þess að heildsöluverðið lækkaði að raungildi um 5,2%. Heildsöluverðið var í árslok 40,3% lægra að raunvirði en hinn 1. maí 1984. Smásöluverðið hjá helstu dreifiveitunum hækkaði um nál. 5% á árinu (raungildislækkun um 2,3%). Með raunvirði er hér átt við verðið þegar það hefur verið leiðrétt fyrir verðbólgu eins og byggingarvíslatan mælir hana.



Bensinverð (92 oktan) á Íslandi 1972 til 1990. Meðalverðlag hvers árs reiknað til verðlags í desember 1990. (Heimild: Orkubúskapardeild 1991).

Petrol prices in Iceland in the period 1972 to 1990 (adjusted to Dec. 1990 currency value).

Verðlag á áli var nokkuð breyttilegt á árinu og þar með einnig orkuverð Landsvirkjunar til Íslenska Álfelagsins, ISAL. Það var 16,577 mUSD/kWh á fyrsta ársfjórðungi 1990 og 16,275 á hinum fjórða, eða 0,9034 og 0,8870 kr/kWh eftir gengi Bandaríkjadals hinn 31. desember.

Verðlag á olíuvörum breyttist lítið á fyrri hluta ársins, en hækkaði talsvert á síðari helmingum í kjölfar innrásar Íraka í Kúveit. Verðið á gasolíu hækkaði yfir árið um 26,2%; á diesolíu um 23,1%, en verðið á svartolíu lækkaði hinsvegar um 0,8%. Bensinverðið hækkaði um 15,5%; nokkrum minna en verðið á gas- og diesolíu vegna þess að ríkisstjórnin ákvæð að lækka gjöld af bensini tímabundið til þess að verja hinn góða árangur „þjóðarsáttarinnar“ og draga úr verðbólguáhrifum á Íslandi af verðhækkunum á alþjóðlegum olíumarkaði.

## Orkustefna og stjórnvaldsáðgerðir

Engar breytingar urðu á árinu á stefnu íslenskra stjórnvalda í orkumálum. Lögum nr. 60/1981 um raforkuveri var breytt á árinu í tengslum við undirbúnning undir nýtt álver. Sem fyrr er megináherslan í orkustefnunni viðleitnin til að nýta orkulindir landsins í orkufrekum iðnaði í því augnamiði að gera atvinnulíf landsins fjölbreyttara og skjóta fleiri stöðum undir efnahagsbyggingu landsins. Áherslan í því efni hefur nú um skeið verið á eflingu áliðnaðarins í

landinu, og varð engin áherslubreyting á árinu.

Viðræður héldu áfram við Atlantál-hópinn svonefnda um byggingu nýs álvers á Íslandi með nálægt 200.000 tonna afköstum á ári. Í hópnum eru nú þrír álframleiðendur, Alumax í Banda-ríkjunum, Gränges í Svíþjóð og Hoogovens í Hollandi. Í september var undirritað minnisblað um viðræðurnar þar sem fram kemur að samningsaðilar hafi náð samkomulagi um meginindrættina í aðalsamningi og orkusölusamningi enda þótt eftir sé að semja um mörg smærri atriði. Látin er í ljós von um að því geti verið lokið um áramót. Sú von brást þó af ýmsum ástæðum og í ársþyrjun 1991 er ljóst að endanlegir samningar munu dragast eitthvað fram á árið. Haustið 1990 hófust sérstakar viðræðar fulltrúa stjórnar Landsvirkjunar og Atlantál-hópsins um raforkuverðið til álversins og fóru þær fram samhliða hinum almennu viðræðum milli fulltúa lónaðarráðuneytisins og hópsins.

Eitt atrið varðandi hið væntanlega álver var þó til lykta leitt 1990, nefnilega staðsetning þess. Það verður reist á Keilisnesi ef það rís á annað borð. Upphaflega voru margir staðir „með í myndinni“ og mörg sveitarfélög sýndu áhuga á að fá það til sín. Fljóttlega takmarkaðist þó staðarvalið við þrjú landssvæði, Reykjanesskagann, Eyjafjörð og Reyðarfjörð. Talsverðar rannsóknir fóru fram á væntanlegri loftmengun frá álverinu á þessum svæðum. Umræðan um staðarvalið tengdist einnig byggðamálunum svonefndu og

það varð af þeim sökum pólitískt viðkvæmt.

Samhlíða þessum viðræðum hefur Landsvirkjun á árinu 1990 búið sig undir að ráðast í nýjar virkjanir sem komið gætu í gagnið í framhaldi af Blönduvirkjun sem verður fullgerð seint á árinu 1991. Pessar virkjanir eru Búrfellsvirkjun II, 100 MW, Fljótsdalsvirkjun, 210 MW, hvortveggja vatnaflosvirkjanir, og stækkan jarðgufuvirkjunarinnar við Kröflu úr 30 í 60 MW. Á þennan undirbúnning hefur verið drepið hér að framan. Síðar gæti svo komið 30 MW jarðgufustöð í tengslum við varmaorkuverið á Nesjavöllum sem nú hefur tekið til starfa. Einnig var unnin undirbúningsvinna undir viðbætur við 220 kV flutningskerfið.

## Pátttaka í alþjóðlegu samstarfi í orkumálum

Orkubúskapardeild sendi eins og áður skrifstofum OECD og Sameinuðu þjóðanna, þar á meðal Efnahagsnefnd þeirra fyrir Evrópu, ECE, svo og NORDEL, upplýsingar um íslensk orkumál. Ennfremur sendi deildin, í samvinnu við lönaðarráðuneytið, slíkar upplýsingar til skrifstofu orkumálasamstarfs á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar (Nordisk Ministerråd, N.M.), og dreifði upplýsingum þaðan til aðila hér innanlands.

Orkumálastjóri sótti fund þar sem rætt var um samstarf stjórnsýsluaðila í orkumálum á Norðurlöndum og fund í framkvæmdanefnd Alþjóðlega orkumálaráðsins í Rio de Janeiro. Hann sótti einnig þrjá fundi í Ókurannsóknarnefnd Norrænu ráðherranefndarinnar, í Oslo, Kaupmannahöfn og Helsinki, ráðstefnu sem sú nefnd gekkst fyrir í Oslo til að gera grein fyrir árangri verkefna á hennar vegum árin 1986 – 1990, ráðstefnu í Sandefjord um ný viðhorf í markaðsmálum raforku og ársfund NORDEL sem haldinn var á Akureyri í ágúst.

Forstjóri Jarðhitadeilda sótti í maí fund í Orléans í Frakklandi vegna útkomu bókar á vegum jarðfræðistofnana í Vestur-Evrópu þar sem hann sá um kafla um umhverfisáhrif jarðhita. Hann sótti einnig fund forstjóra þessara stofnana í Austurríki í september og í sömu ferð undirbúningsfund í Ungverjalandi undir stofnun Evrópu-deilda innan Alþjóðlega jarðhitafélagsins, IGA, og alþjóðlega jarðhitaráðstefnu á Hawaii í ágúst og fund þar í Alþjóðlega jarðhitafélagini í tengslum við hana.

Sérfræðingar Jarðhitadeilda fluttu eitt erindi á ráðstefnu um forðafræði jarðhitans í Stanford í Kaliforníu í janúar, þrjú á alþjóðlegri jarðhitaráðstefnu á Hawaii í ágúst, eitt á jarðhitaráðstefnu í Mexico í oktober og eitt á ráðstefnu um efnaskipti milli bergs og vatns í Tsukuba í Japan í nóvember. Að auki sótti sérfræðingur frá Jarðhitadeild ráðstefnu Evrópusambands notenda UNIX-tölvustýringarkerfisins í München í apríl, jarðhitaráðstefnu í El Salvador í október og tveir sérfræðingar fóru til Fraklands í febrúar vegna samstarfsverkefnis Orkustofnunar og BRGM-IMRG í Orléans um rannsókn á útfellingum í jarðhitakerfum.

Einn starfsmaður Jarðhitadeilda sótti námskeið um líkangerð og spátækni í hitaveitum í Lundi í mars, annar námskeið um varmaskiptanet („Pinch Technology“) í Leiden í Hollandi í júní og hinn þriðji námskeið um rekstur og viðhald jarðhitavirkjana á Hawaii í ágúst, í sömu ferð og á alþjóðlega jarðhitaráðstefnu þar.

Til viðtala við væntanlega nemendur Jarðhitaskólans var farið til Kenya og Uganda í janúar, til Nicaragua í febrúar (sameinað ferð á ráðstefnu í Stanford) og aftur í október (sameinað ferð á jarðhitaráðstefnu í El Salvador) og til Kína í nóvember.

Forstjóri Vatnsorkudeilda sat fund samstarfsnefndar norrænna vatnafræðistofnana í Danmörku í apríl og annan í Kalmar í Svíþjóð í júlí og í framhaldi af honum ráðstefnu norrænu vatnafræðifélaganna á sama stað. Hann fluttu erindi í boði norsku vatnafræðinefndarinnar á ráðstefnu sem hún gekkst fyrir á Svalbarða í september í tilefni af 25 ára afmæli sínu.

Þrír sérfræðingar frá Vatnsorkudeilda sóttu ráðstefnu norrænu vatnafræðifélaganna í Kalmar í júlí og fluttu þar tvö erindi. Einn sérfræðingur (vatnafræðingur) sótti two norræna samstarfsfundi innan UNESCO-samstarfsins í vatnafræði og annar sérfræðingur ráðstefnu á Norðurlöndum um ísaldarlok. Deildarstjóri Vatnamælinga sótti einn fund í stjórn Norræna vatnafræðifélagsins. Deildarstjóri umhverfisrannsókna, sem situr í nefnd á vegum NORDEL um umhverfisáhrif raforkuvinnslu, sótti two fundi nefndarinnar, í Kaupmannahöfn og Forsmark í Svíþjóð, og deildarstjóri mannvirkjajarðfræðirannsókna sótti námsstefnu um verkefnistjórnun í Zürich.

## Starfsemi Orkustofnunar 1990

### Inngangur

Orkustofnun fæst við rannsóknir á orkulindum landsins og orkubúskap þjóðarinnar ásamt ráðgjöf til stjórnvalda í orkumálum. Þar að auki annast hún rannsóknir og ráðgjöf fyrir orkufyrirtækí og einstaklinga eftir sérstakri beiðni hverju sinni og gegn greiðslu. Stofnunin starfar samkvæmt Orkulögum nr. 58/1967.

Stofnunin starfar í fjórum deildum:

**Orkubúskapardeild**, sem fæst við söfnun gagna um orkumál, úrvinnslu úr þeim og útgáfu. Hún annast líka rannsóknir varðandi orkubúskap þjóðarinnar, þ.e. orkunotkun og samhengi hennar við þá þætti sem mestu ráða um hana. Jafnframt á deildin samvinnu við aðra um orkuspár og gerð yfirlitsætlana í orkumálum.

**Vatnsorkudeild**, sem fæst við rannsóknir á vatnsorku landsins, þar á meðal á rennsli fallvatna, aðstæðum til virkjunar á hentugum stöðum, möguleikum til vatnsmiðlunar og jarðfræðilegum aðstæðum fyrir stíflur, skurði, göng og stöðvarhús ofanjarðar og neðan. Ennfremur rannsóknir er lúta að rekstri vatnsorkuvera.

**Jarðhitadeild**, sem annast rannsóknir á eðli jarðhitans og á jarðhitavæðum; aðstæðum til að vinna hann og tækninni við það, þar á meðal bortækni; nýtingarmöguleikum jarðhitans og viðbrögðum jarðhitavæða við vinnslu. Ennfremur rannsóknir á áhrifum jarðhitavökvars (vatns og blöndu af vatni og gufu) á vinnslumannvirki, leiðslur, notendataekni og umhverfis.

**Stjórnsýsludeild**, sem annast bókhald og fjárrleiður, rekstur skrifstofu, teiknistofu, bókasafns og tölu, svo og starfsmannahald.

Hér fer á eftir lýsing á starfseminni á hverri þessara deilda um sig.

# Orkubúskaparrannsóknir

Helstu verkefni á sviði orkubúskapar eru:

- Að safna gögnum um orkuvinnslu, orkunotkun, inn- og útflutning orku svo og orkuverð, og gefa út skýrslur um það efni.
- Að fylgjast með þróun orkuverðs og gjaldskrám orkuveitna.
- Að veita innlendum og erlendum aðilum upplýsingar um orkumál.
- Að vinna að langtímaáætlunum um uppbyggingu orkukerfisins, m.a. að spá um orkunotkun þjóðarinnar.
- Að stuðla að hagkvæmri orkunýtingu hér á landi.

## Gagnasöfnun – upplýsingamiðlun

Safnað er göngum um flesta þætti orkumála, svo sem um framleiðslu, innflutning, notkun og verð á orku og um vissa þætti í rekstri orkumannvirka.

Gagnaúrvinnsla hefur verið með svipuðum hætti og undanfarin ár og vísast til umfjöllunar í yfirliti Orkumálastjóra í því sambandi. Í byrjun árs var gefin út skýrsla um orkuverð hér á landi 1989. Lagðar voru fram upplýsingar um orkumál á fundum orkuveitusambandanna.

Reglulega eru upplýsingar um orkunotkun og orkuvinnslu sendar ýmsum fjölpjólegum samtökum svo sem NORDEL, Sameinuðu þjóðunum (UN), Efnahags- og þróunarstofnun Evrópu (OECD) og Alþjóðlegu orkumálaráðstefnunni (WEC). Ennfremur er sinnt margvíslegum óskum, frá þessum aðilum og fleirum, um upplýsingar vegna athugana á einstökum þáttum orkumála. Í því sambandi má nefna ýmsar skýrslur Norrænu ráðherranefndarinnar um orkumál.

## Orkuspár

Meginverkefnið á þessu sviði var vinna fyrir Orkuspárfnd. Að nefndinni standa Hagstofa Íslands, Hitaveita Reykjavíkur, Landsvirkjun, Orkustofnun, Rafmagnsveita Reykjavíkur, Rafmagnsveitur ríkisins, Samband íslenskra hitaveitna, Samband íslenskra rafteitna og Þjóðhagsstofnun.


Á vegum orkuspárfndar starfa þrír vinnuhópar: raforkuhópur, jarðvarma-hópur og eldsneytishópur. Hóparnar annast undirbúning orkuspár hver á sínu sviði, en nefndin skilgreinir grunnforsendur sem ganga inn í spárna, leggur meginlínur varðandi vinnu hóp-anna og samræmir hana.

Á árinu var einkum unnið við undirbúning að nýri spá um raforkunotkun og nýri spá um orkunotkun til húshitunar, stefnt er að því að spárna komi út á fyrri hluta ársins 1991. Meðal annars hafa áhrif veðurfars á raforkunotkun verið endurmetin, sérstök athugun gerð á afþörf og dreifingu raforkunotkunar og unnið úr mælingum á orkunotkun til húshitunar. Hóparnar hafa fengið fjölmarga aðila til að koma á fundi sína og veita upplýsingar um ýmsa þætti er tengjast gerð spána.

Á árinu var raforkuspá nefndarinnar frá 1985 endurreiknuð miðað við rauntölur um mannfjölda, hitað húsrými og orkunotkun fyrir árin 1985 til 1989 og húshitunarspá frá 1986 miðað við rauntölur fyrir árin 1986 til 1989.

## Orkukerfi

Í tengslum við athuganir á hagkvæmni bess að reisa nýtt álver við Straumsvík, hefur áfram verið unnið að athugunum á hvaða leiðir séu hagkvæmastar til að mæta aukinni raforkupörf þjóðarinnar næstu áratugi með og án nýjs álvors. Þessar athuganir eru gerðar í samvinnu við Landsvirkjun.



Samanburður á raforkuverði í höfuðborgum V-Evrópu miðað við gjaldskrá og gengi 1. janúar 1990. Efri myndin: Lítill iðnfyrirtæki; aftloppur 100 kW, nýtingartími 1600 klst/ári. Neðri myndin: Heimili með rafhitum, ársnotkun 20.000 kWst. (Heimild/Reference UNIPEDE).

Comparison of electricity prices for small industries (above) and domestic uses (below) in the West European capitals.

Á árinu 1988 settu Hitaveita Suðurnesja, Landsvirkjun, Orkubú Vestfjarða, Rafmagnsveita Reykjavíkur og Rafmagnsveitir ríkisins á fót starfshóp um rekstrartruflanir í raforkukerfinu. Verkfraðistofan Afl hefur annast ráðgjöf fyrir hópinn. Í lok árs 1988 var Orkustofnun boðin aðild að hópnum með það í huga að stofnunin tæki að sér að safna saman gögnum um truflanir frá öllum raforkufyrirtækjum landsins og að vinna úr gögnunum yfirlit um truflanir fyrir landið. Orkustofnun tók verkefnid formlega að sér á árinu 1990. Á árinu 1990 endurskoðaði starfshópurinn leiðbeiningar um skýrslugerð við rekstrartruflanir og eyðublöð til skráningar á truflunum í ljósi reynslu fyrirtækjanna af skráningunni síðstu misserin. Jafnframt var hannaður hugbúnaður fyrir bilana-skráninguna og úrvinnslu gagna og er verið að setja hann upp hjá rafveitum og Orkustofnun.

Á árinu vann Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að verkefninu: Samnýting og samhæfing orkugjafa til hitunar og raforkuvinnslu. Markmið verkefnisins er að stuðla að sem hagkvæmustum rekstri og uppbryggingu orkukerfisins að teknu tilliti til krafna um öryggi í afhendingu orku til neytenda. Gert er ráð fyrir að fyrsta áfanga verkefnisins, sem felur í sér fræðilega greiningu þess og lýsingu á aðferðafræði, ljúki snemma á árinu 1991.

## Orkuverð

Í upphafi ársins var gefin út skýrsla um athugun á þróun orkuverðs hér á landi á þessum áratug, og nefnist hún: **Orkuverð á Íslandi 1989**. Áfomað er að gefa út skýrslur um orkuverð árlega og í árslok var hafin endurskoðun á skýrslunni með tilliti til þróunar orkuverðs á árinu 1990.

Í samvinnu við lönaðarráðuneytið, Samband íslenskra hitaveitna og fimmtán hitaveitur í landinu var orkunýting mæld hjá veitunum í þeim tilgangi að kanna rauverulegan kostnað notenda við upphitun íbúðarhúsnæðis. Mælingum lauk snemma á árinu 1990. Unnið er að úrvinnslu og stefnt að því að gefa út skýrslu snemma á árinu 1991.

Haustið 1990 skipaði iðnaðarráðherra, samkvæmt tilnefningu þingflokk, nefnd til að gera tillögur um jöfnun orkuverðs. Fulltrúar Orkustofnunar, Landsvirkjunar, Rafmagnsveitna ríkisins og hitaveitna starfa fyrir nefndina.

# Jarðhitarannsóknir

Áherslurnar í rannsóknum Orkustofnunar á jarðhita og nýtingu hans halda áfram að breytast og þróast í samræmi við nútíma þarfir og kröfur. Forðafræði jarðvarmans og áhrif af nýtingu hans á umhverfið skipa þar verðugan sess. Áfram hefur verið haldið á þeirri braut, sem mörkuð var á síðasta ári í þróun nýrra tækja og aðferða, er gera það kleift að skyggast frá yfirborði dýpra niður í iður jarðar. Orkustofnun annaðist sem fyrr ráðgjöf í jarðhitamálum fyrir opinbera aðila, einstaklinga og ýmis fyrirtæki. Fyrirtæki í jarðhitavinnslu voru hvött til aukinnar orkunýtni, og boðið til aukins samstarfs við stofnunina um eftirlit með vinnslunni úr jarðhitasvæðum landsins.

## Vinnslueftirlit

Sífellt fleiri hitaveitur hafa í samvinnu við Orkustofnun leitast við að haga vatnsthóku úr vinnslusvæðum veithanna þannig að saman fari hvatning til sparnaðar, fyllsta nýting varmans og reglubundið eftirlit með viðbrögðum svæðanna. Meginhlutverk Orkustofnunar í þeirri samvinnu er aðstoð við reglubundið eftirlit með efnajafnvægi heita vatnsins, mælingar á afköstum-borhola, val og uppsetning tölvubún-aðar til að auðvelda þessa starfsemi.

Hefðbundið eftirlit með vinnslu úr há-hitasvæðum Hitaveitu Suðurnesja í



Norðan við Hveragerði er megineldstöð. Á rofsvæði hennar er mikil ummyndun og jarðhiti. Myndin er úr Sauðdal og sýnir berggang í grænsoðnu móbergi. (Ljósmynd/Photo Guðmundur Ó. Friðleifsson).

*North of Hveragerði, South Iceland, is a central volcano exposing a regional hydrothermal alteration aureole.*



Sýni tekið af heitu vatni úr Selfosslaug í Ölfusá, Ingólfssfjall í baksýn. (Ljósm./Photo Helgi Torfason).

*Geochemical sampling from a hot spring at Selfoss, South Iceland.*

Svartsengi, Eldvörpum og á Reykjanesi fór fram á árinu. Sama máli gegndi um háhitasvæði Landsvirkjunar í Kröflu og Bjarnarflagi. Eftirlitið byggist sem ádur aðallega á efnagreiningum, afkastamælingum, vatnsborðsmælingum og mælingum á hita og þrýstingi í borholum.

## Rannsóknir á háhita-svæðum

Enn drögust háhitarannsóknir á Nesjavöllum saman á árinu, enda uppbyggning orkuvers Hitaveitu Reykjavíkur í fullum gangi. Helst beindust rannsóknirnar að eftirliti með hita og þrýstingi í jarðhitakerfinu, en einungis voru framkvæmdar hæðar- og þyngdarmælingar á Hengilssvæðinu til að fylgjast með landsigi vegna vinnslu á Nesjavöllum. Lokið var að mestu samantekt gagna, sem aflað var við boranir á Nesjavöllum og Kolvíðarholi.

Lokið var útgáfu yfirlitsrits um niðurstöður rannsókna á eldstöðvum og jarðhita á Hengilssvæðinu með jarðeðlisfræðilegum aðferðum.

Í samvinnu við Hitaveitu Reykjavíkur var áfram unnið að gerð jarðfræðikorts af suður- og vesturhluta Hengilssvæðisins. Með þeiri vinnu var að mestu lokið kortlagningu á jarðlagagerð, brotlínum og jarðhita svæðis, sem markast af Þingvallavatni, Þrengslavegi og láglendi Ölfuss.

Orkustofnun tók þátt í ýmsum verkefnum fyrir Landsvirkjun í Kröflu og Bjarnarflagi svipað og undanfarin ár. Hola KG-25 var boruð skammt norðan holu KJ-4 til þess að fá úr því skorið hvort

áhrifa kvíkugasa, sem voru samfara eldgosahrinunni 1975-1984, gætti enn á Vítismóssvæðinu. Jarðhitadeild hannaði og staðsetti holuna, gerði verklýsingu, annaðist rannsóknir og mælingar samfara borun og hafði með höndum umsjón með verkinu. Borunin gekk vel og var síðan fylgst með aftferli holunnar og efnainnihaldi vökvans frá henni fram yfir áramótin. Hola KJ-9 var einnig hreinsuð, en það er orðin árviss aðgerð.

Unnið var að gerð þrívíðs hermilíkans fyrir jarðhitasvæðið við Hvíthóla í Kröflu og notað til þess forritið TOUGH frá Lawrence Berkeley Laboratories í Kaliforníu. Þetta er í fyrsta sinn á Orkustofnun að reynt er að herma tveggja fasa háhitakerfi í þrívíðu reikniliðkani. Lokið var ýtarlegri ritgerð um jarðfræði og eldstöðvakerfi Kröflusvæðisins ásamt jarðfræðikortum. Verkið er í prentun.

Fyrir Hitaveitu Suðurnesja var áfram unnið að gerð jarðfræði- og jarðhitalíkans af jarðhitakerfinu í Svartsengi. Við gerð þess var notast við margvísleg mæligögn eins og til dæmis jarðlagasnið í borholum, gögn um ummyndun og jarðfræði á yfirborði. Með samtúlkun allra mælinga, sem gerðar hafa verið á svæðinu, fékkst endurbætt líkan, bæði af svæðinu í heild og hegðun hvarrar borholu fyrir sig. Ennfremur var unnið úr eldri gögnum þyngdar- og landmælinga til eftirlits með landsigi á vinnslusvæði hitaveitunnar og tillögur lagðar fram um áframhald eftirlits með jarðhitasvæðunum á utanverðum Reykjanesskaga.

Á vegum Veitustofnunar Hveragerðis var áfram haldið hagkvæmniathugun á framleiðslu eigin raforku með jarðhita og er því verki að ljúka.

## Rannsóknir á lághitasvæðum

Mikið var unnið fyrir Hitaveitu Akureyrar á árinu. Ennfremur var boruð á Þelamörk ein 400 m djúp rannsóknarholu til viðbótar við þær fjórar, sem boraðar voru í lok árs 1989. Umfangsmiklar prófanir og vatnsborðsmælingar voru gerðar á þessum og nærliggjandi holum til að afla upplýsinga fyrir hermilíkan af svæðinu. Undirbúnungur var hafinn að tilraunum til niðurdælingar á affallsvatni á vinnslusvæði hitaveitunnar, sem áfórmæð er að hefja á næsta ári í samvinnu Hitaveitu Akureyrar og Orkustofnunar.

Reglubundið eftirlit með vinnslu Hitaveitu Þorlákshafnar leiddi í ljós innstreymi af köldu vatni inn í jarðhitakerfið. Að undangengnum frekari mælingum og rannsóknum var ákveðið að steypa í botn annarar vinnsluholu veitunnar og tókst sú aðgerð mjög vel.

Haldið var áfram hermireikningum fyrir ýmis lághitasvæði, svo sem vinnslusvæði hitaveitnanna á Akureyri, Ólafsfirði og Blönduósi. Með einföldum líkönnum er reynt að spá fyrir um vinnslugetu svæðanna næstu einn til two áratugi.

Unnið var að ýmsum rannsóknum til undirbúnings á borunum og í tengslum við boranir viða um land. Verkefnin tengdust nýtingu jarðhita ýmist til upphitunar eða fiskeldis. Sem dæmi um fyrnefnda nýtingu má nefna verkefni fyrir hitaveitur Selfoss og Siglufjarðar og smærri veitur svo sem að Hlemmiskeiði á Skeiðum, Sölvholti í Flóa, Leirárgördum í Leirársveit, Vindheimum í Skagafirði, og margar fleiri. Í tengslum við fyrirhugað fiskeldi var til dæmis leitt að jarðhita í Austur-Húnnavatnssýslu, í ofanverðum Jökuldal, við Lækjarbotna í Landsveit og viða um land. Einnig var á árinu steypt í gamlar holur fyrir Hitaveitu Dalvíkur til þess að bæta eiginleika jarðhitakerfisins til vinnslu.

Fyrir Hitaveitu Reykjavíkur var unnið að ýmsum rannsóknum á lághitasvæðum á höfuðborgarsvæðinu. Lokið var samantekt um þrýstiprofanir í holum á Reykjum og í Reykjahlíð. Einnig voru gefin út hitakort af þessum svæðum. Kortin voru unnin á tímabilinu 1960-70 og gefa upplýsingar um hitadreifingu í svæðunum ádur en djúpdæling hófst. Jarðfræði Laugarnessvæðisins hefur verið í endurskoðun undanfarin ár, og sér nú fyrir endann á þeiri vinnu. Ráðist var í endurfóðrun borhola á Elliðaárvæðinu, til að draga úr innstreymi súrefnisríks vatns inn í

jarðhitakerfið og vinnsluholur. Fóðringardýpi var ákvarðað m.a. á grundvelli hita- og rennslismælinga í holunum, en einnig voru gerðar tilraunir með djúpsýnatöku til mælinga á súrefnisinnihaldi vatnsins.

## Próun tækja, úrvinnsluaðferða og hugbúnaðar

Nú er skrásetning mælinga í borholum í stærsta mælingabíl stofnunarinnar orðin algjörlega tölvuvædd, sem gerir alla úrvinnslu mæligagna fljótþirkari en áður. Þetta eykur jafnframt gæði úrvinnslunnar og möguleika á að taka í notkun nýjar aðferðir við hana. Í þróun er ennþá tölvuvæðing á samskiptum móðurtölu Orkustofnunar og tölvu mælingabílsins, en það verður næsta þróunarverkefni á þessu sviði.

Mælingar á millirennslu milli innstreymsírása í sömu borholunni hafa oft verið vandkvæðum bundnar, sérstaklega þegar rennslið er lítið. Til að ráða bót á þessu var rennslismælir endurbættur og aðferðir við framkvæmd mælinganna endurskoðaðar. Þetta hefur þegar skilað stórum betri niðurstöðum en áður var hægt að vænta. Ennþá er þó þörf frekari aðgerða í þessum efnunum.

Hitaveitur verða stundum fyrir erfiðoleikum í rekstri vegna innstreymis á súrefniríku vatni niður í jarðhitakerfin. Til að loka fyrir slíkt innrennslu á markvissan og hagkvæman máta, er þörf á að kortleggja þær æðar, sem bera með sér súrefni. Þróuð hefur verið aðferð við töku djúpsýna er gerir mögulegt að ákvarða styrk súrefnis í sýnum, sem tekin eru af mismunandi dýpi í borholu.

Mæling á rafleiðni jarðlaga hefur reynst mikilvæg aðferð til að kortleggja jarðhitasvæði og við fyrsta mat á mögulegum eiginleikum þess. Þetta byggir á því að rafleiðni í jörðu er mjög háð hve mikið vatn jarðlög innihalda, lekt þeirra og hitastigi. Til mælinga á rafleiðni í jörðu er farið að nota svonefndar MT, AMT og TEM-aðferðir, sem allar byggja á því að spana tíma-háðan rafstraum í jörðu og mæla á yfirborði dreifingu spennunnar er þannig myndast. Tvær fyrstnefndu aðferðirnar hafa mismunandi tilnisið og þar af leiðandi dýptarskyn. TEM-aðferðin spanar aftur á móti rafstraum í jörðinni með vírspólu, sem á hana er lögð, og nemur hjóðunum á seguláhrifum hans yfir gefið tímabil.

Á árinu var haldið áfram smíði tækja til

að mæla eðlisviðnám jarðar með TEM-aðferð og þróun á hugbúnaði til vinnslu mæligagna. Tækin skynja eðlisviðnám á eins til fjögurra kílometra dýpi. Verkið er á lokastigi og munu tilraunamælingar hefjast árið 1991. Ennfremur voru gerðar mælingar á jarðstraumum í tilraunaskyni með nýjum AMT-tækjum Orkustofnunar. Niðurstöður mælinganna lofa góðu, einkum þar sem TEM-mælingum er beitt samhlíða þeim á efstu 400 – 500 metra jarðskorunnar.

## Samræmt kerfi fyrir gagnavörslu

Haldið var áfram að vinna að fullkomnu, samræmdu gagnavörslukerfi fyrir Orkustofnun, sem byggt er á hinum öfluga gagnagrunni, ORACLE. Verkið gekk sem næst eftir áætlun. Það hófst á árinu 1989 með því að móta geymsluskipulag fyrir stofnunina í heild og skilgreiningu á þörfum og kröfum hvers fagsviðs fyrir sig. Næsta þrepíð, sem felst í forritun, skipulagningu og færslu hinna ýmsu gagna yfir í Oracle-kerfi, er mislangt á veg komið hjá hinum ýmsu fagsviðum. Sérþarfir þeirra eru í þessu efni mjög mismunandi og gögnum sem geyma á misjafnlega hentug til vörslu í tölvu.

Á þessu sviði var m. a. unnið að því að færa yfir skrár um allar borholur á Íslandi svo og borholumælingar. Hvortveggja er vel á veg komið. Eins hefur hið mikla gagnasaðn í jarðefnafræði verið flutt yfir í Oracle-kerfið og vinnan við að endurskoða og semja úrvinnsluforrit í jarðefnafræði er vel á veg komin. Á fagsviðum jarðfræði, vinnslutækni og jarðeðlisfræði er vinnan nokkru skemmra á veg komin, en miðar vel.

## Ýmis jarðhitaverkefni

Rekstur rafeindastofu og rannsóknarstofa í efnafræði og bergfræði, sér-búinna bíla til borholumælinga og sýnatöku í borholum var með svipuðu sniði og verið hefur undanfarin ár.

Orkustofnun lagði til sérfræðing í vinnuhóp á vegum Hitaveitu Reykjavíkur til að gera úttekt á magnesíumsilíkat útfellingum er vart varð, þegar fyrsti áfangi Nesjavallavirkjunar var tengdur dreifikerfi hitaveitunnar í október 1990.

Sumarið 1990 voru framkvæmdar

bylgjubrotsmælingar á Suður- og Vesturlandi í samvinnu við Lamont-Doherty jarðfræðistofnunina í Bandaríkjunum. Verkið var styrkt fíjhagslega af Vísindaráði og Vísindasjóði Bandaríkjanna. Unnið verður úr mælingum þessum í Bandaríkjunum og munu niðurstöðurnar gefa mikilvægar upplýsingar um jarðskorpuna undir Íslandi.

Einn liður í almennum rannsóknum á jarðhita landsins er að kortleggja eðlisviðnámið í efri hluta jarðskorunnar. Í þeim tilgangi voru hafnar í summar viðnámsmælingar á suðvesturhorni landsins, til þess að fylla upp í eyður í fyrilliggjandi gögnum.

Á efnafræðistofu var m.a. unnið að þróun aðferða til greininga á þungmálum og útfellingum. Verður þeim haldið áfram á næsta ári. Gerðar voru alls um 3.600 efnagreiningar á árinu. Langflestir þeirra voru í tengslum við eftirlit með vinnslu hitaveitna og um 21% tengdust þjónustu við vatnsveitir og fyrirtæki, sem hyggjast flytja út neysluvatn. Aukningin, sem orðið hefur á þjónustu við vatnsveitir landsins, er mjög athyglisverð. Skrifuð var skýrsla um efnasamsetningu hitaveituvatns á Íslandi og flokkun þess eftir neyslu- og vinnsluhæfni.

Fyrir Hitaveitu Suðurnesja var gerð ferlunarprófun, sem er mikilvægur liður varðandi tilhögum niðurdælingar á afallsvatni. Prófunin var í því fólgin að dæla ferlunarefninu kalium-joðiði niður í eina vinnsluholu og greina síðan magn efnisins í vatninu úr öðrum vinnsluholum til að meta tengsl milli þeirra. Prófunin tókst vel og gaf ýmsar mikilvægar upplýsingar. Hitaveitan er með áform uppi um að hefja niðurdælingu affallsvatns innan fárra ára.

Samið var við jarðfræðistofnun Frakklands (BRGM) um samstarf á sviði jarðhita, eiknum að því er tekur til vandamála vegna tæringar og útfellinga. Tveir starfsmenn jarðhitadeildar fóru í kynnisferð til Frakklands í tilefni þessa og franskur jarðfræðingur hefur dvalist hér á landi með aðstöðu á Orkustofnun í u.b.b. sjö mánuði.

Haldið var áfram gerð jarðhitakorts af Íslandi. Miðaði verkinu vel og er búist við að lokið verði við slíkt kort af landinu á næsta ári. Gerð var forkönnun á magni eðalmálma í ummynduðu bergi í nokkrum rofnum megineldstöðvum. Verkið var unnið í samvinnu við Kísiljóðuna hf. og löntæknistofnun, að hluta til fyrir styrk frá Rannsóknasjóði.

Á árinu var haldið áfram könnun á orkunýtingu hitaveitna, í samvinnu lön-

aðarráðuneytis, Sambands íslenskra hitaveita og Orkustofnunar. Tilgangur könnunarinnar er fyrst og fremst að skapa betri grundvöll fyrir samanburð á orkuverði til upphitunar. Söfnun gagna lauk fyrri hluta ársins og vinnsla þeirra er langt komin. Gert er ráð fyrir að niðurstöður könnunarinnar verði birtar snemma árs 1991. Samfara þessu var einnig unnið að endurskoðun jarðvarma- og húshitunarspár fyrir landið, en áfórmáð er að þær verði framvegis gefnar út á þriggja ára fresti.

Gefið var út þyngdarkort af Íslandi og landgrunni þess í mælikvarða 1:1.000.000. Mælingarnar sem kortið byggir á voru unnar af Orkustofnun í samvinnu við Kortadeild bandaríksa hersins, og stóðu yfir tímabilið 1968-1973 og sumarið 1985.

### Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna

Tólfra starfsári Jarðhitaskólans lauk með skólauppsögn þann 29. október 1990. Ellefur styrkþegar útskrifuðust eftir sex mánaða sérhæft nám í forðafræði (5), jarðeðlisfræði (3), borholumælingum (2), og jarðfræði (1). Styrkþegarnir komu frá Búlgaríu (2), Costa Rica (1), Egyptalandi (1), Júgóslavíu (2), Kenya (2), Nicaragua (2) og Uganda (1). Einnig komu fjórir sérfræðingar frá Jarðfræðiráðuneyti Kína og jarðfræðingur frá Tékkóslóvakíu í tveggja vikna kynnisferðir til Íslands á vegum skólans. Farið var á vegum skólans til Costa Rica, El Salvador, Kenya, Kína, Nicaragua, Thailands og Uganda að velja nemendur og heimsækja jarðhitastofnanir, og auk þess voru fluttir fyrirlestrar á alþjóðlegum jarðhitaráðstefnum í El Salvador og á Hawaii.

Frá því Jarðhitaskólinn tók til starfa árið 1979 hafa alls 93 styrkþegar frá 20 þróunarlöndum útskrifast eftir sex mánaða nám, en að auki hafa um 30 dvalið hér við nám í skemmti tíma (2 vikur til 3 mánuði).

Jarðhitaskólinn er rekinn samkvæmt samningi milli Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Tókýó og Orkustofnunar f.h. íslenska ríkisins. Fjárfamlög til Jarðhitaskólans koma frá Háskóla Sameinuðu þjóðanna og íslenska ríkinu. Litið er á framlag Íslands sem hluta af þróunaraðstoð Íslendinga. Kennarar við Jarðhitaskólann eru sérfræðingar hjá Orkustofnun, Háskóla Íslands, og verkfræðistofum í Reykjavík.

### Könnun orkulinda á hafsbotni

Á árinu voru engir leiðangrar farnir til mælinga, en áhersla lögð á úrvinnslu mæligagna frá fyrri leiðöngrum. Gagnasafnið jókst þó að mun, því að á árinu voru fengin ýmis frumgögn frá útlöndum, sem aflað hafði verið í leiðöngrum við landið. Hér er um að ræða margrásu endurkastsmælingar á tölrænu formi, sem góður fengur er að, og mikil verk bíður við vinnslu þeirra.

Tölvuvinnsla á endurkastsmælingum frá íslensk-norskum leiðangri á Jan Mayen hrygg árið 1988 var aðalverkefni ársins. Áfanga þessum lauk með afhendingu niðurstaðna til samstarfsmanna stofnunarinnar í Noregi. Næsta skrefið er að túlka gögnin í sameiningu og í samræmi við kannanir hópsins á hryggnum. Annað verkefni á þessu svíði var tölvuvinnsla gagna úr endurkastmælingum undan Suð-Austurlandi árið 1989. Verkefnið hlaut fjárhagslegan styrk úr Vísindasjóði. Lokið var túlkun gagna frá Hatton-Rockall grunninum og hluti niðurstaðnanna

kynntur á alþjóðlegri ráðstefnu síðasti liðið vor. Verkefnið er framhald dansk-íslenskra rannsóknna á svæðinu. Unnið var ráðgjafastarf fyrir Utanríkisráðuneytið og hafsbotsnefnd lönaðar-ráðuneytisins.

### Erlend jarðhitaverkefni

Lokið var jarðhitaverkefni í Djibouti, sem Virkir-Orkint hf. tók að sér fyrir Electricité de Djibouti. Verkið fólst í rannsókn á skeljun og tæringu, úttekt á aflgetu Assal-svæðisins, og tilraunum með íblöndun sérstakra tafaefna til varnar skeljun. Áfórmáð er að nýta Assal-svæðið til framleiðslu á raforku. Orkustofnun vann alla sérfræðivinnu við verkið samkvæmt samningi við Orkustofnun erlendis hf, sem var undirverktaki Virkis-Orkint hf.

Mílos verkefni í Grikklandi var haldið áfram á árinu, en það fólst að þessu sinni aðallega í ráðgjöf varðandi möguleika á rekstri raforkuversins í Mílos á 25% afli. Íbúar þar eru mjög áhyggjufullir vegna brennisteinsvetnis í útbæstri frá stöðinni, og er rekstri þess



Árið 1988 fannst, í fyrsta sinn á Íslandi, vottur jarðgass í tveim borholum við Skógalón í Öxarfirði. Sýntaka af 200 m dýpi. (Ljósmynd/Photo Magnús Ólafsson).

In 1988 some natural gas was found for the first time in two boreholes in Öxarfjörður, North Iceland. Gas sampling from 200 m depth in a borehole.

á svo litlu afli ætlað að koma til móts við óskir íbúa eyjarinnar.

Á vegum Virkis-Orkint hf. og íslensk-ungverska fyrirtækisins GeoTherm Ltd, voru gerðar athuganir á hagkvæmni þess að nota jarðhita í fjarvarmaveitir í sjó borgum vítt og breitt um Ungverjaland. Verkinu lauk í febrúar 1990 og voru niðurstöðurnar sendar Norræna Fjárfestingabankanum í Helsinki. Sex af verkefnunum reyndust fjárhagslega hagkvæm og veitti bankinn Ungverjum vilyrði fyrir 7 milljón bandaríkjadalra láni til verkefnanna. Undirbúningur er hafinn að framkvæmdum.

Í undirbúningi er að gera svipaðar hagkvæmniathuganir á tveim stöðum í Póllandí og í Tékkó-Slóvakíu. Farin var ferð til Kamsjatka og fleiri staða í Rádstjórnarríkjum, en þar er mikill áhugi á samvinnu við Íslendinga í sambandi við jarðhita og fleira.

## Rannsóknir á náttúrulegum skilyrðum til fiskeldis

Lokið var skýrslu um rannsóknir á Rosmhvalanesi og sunnanverðum Vestfjörðum.

Haldið var áfram rannsóknum í Aðaldal, í Hnappadal og Borgarfirði, í Meðallandi/Landbroti, á ofanverðum Jökuldal og á suðurströnd Reykjanesskagans.

Í Aðaldal var bætt við nokkrum mælingum á grunnvatnsborði og mælt í lindum í hraununum. Gagnasöfnun og úrvinnslu er að mestu lokið. Í Meðallandi/Landbroti var lokið s.l. vetur mælingum á rennsli í helstu lindasvæðum, sem var frestað 1989, og þá einnig tekin sýni til efnagreininga. Samantekt skýrslu er ólokið.

Á suðurströnd Reykjanesskaga var lokið gagnaöflun að öðru leyti en því að mæla þarf aftur í öllum borholum. Úrvinnsla er aftur á móti mislangt komin, styst á sviði jarðfræði.

Rannsóknir þessar, sem verða lokapáttur þessa samstarfsverkefnis Orkustofnunar og heimamanna á hverjum stað, beindust bæði að leit að jarðhita og ferskvatni. Þær eru langt komnar og þeim mun ljúka á næsta ári. Áformáð er að ljúka verkefninu á næsta ári með ráðstefnu þar sem fram verður lögð samantekt um niðurstöður rannsóknanna,

# Vatnsorkurannsóknir

Orkustofnun sér um grunnrannsóknir, sem eru nauðsynlegur undanfari hönnunar virkjana. Grundvöllur þeirra er nákvæm landslagskort í stórum mælikvarða af heilum vatnasviðum. Þegar að hönnun virkjunar kemur þarf síðan enn nákvæmari kort af stöðum þar sem mannvirkja eru fyrirhuguð. Landmælinganet sem mæld eru vegna kortanna, miðast við að hægt verði að ákveða legu og hæð mannvirkja með nægilegri nákvæmni, ef til virkjunar kemur. Vita þarf um vatnsrennsli og dreifingu þess innan ársins og milli ára. Þá þarf að vera búið að ganga úr skugga um að engir alvarlegir meinbugir séu á virkjun af umhverfisástæðum. Vegna hönnunar þarf einnig að kunna glögg skil á gerð og þykkt lausra jarðлага, berggerð, sprungum og sprunguvirkni, jarðlagaskipan, grunnvatni og lekt jarðлага og á magni og gæðum byggingarefna. Grundvöllur þessara upplýsinga eru jarðfræðikort sem sýna gerð og útbreiðslu jarðлага.

### Virkjunaráætlanir

Ef samið verður um orkusölu til nýrrar stóriðu snemma árs 1991 þarf að hefja virkjunarrannsóknir af fullum krafti.

Orkustofnun og Landsvirkjun hafa samið drög að áætlun um það hvernig standa skuli að nýju átaki í undirbúningsrannsóknum og hönnun nýrra virkjana. Áætluninni er hægt að hrinda í framkvæmd án tafar ef ákvörðun verður tekin um nýtt stórt álver. Helstu markmið átaksins eru að undirbúa á næstu árum hönnun nýrra virkjana, sem skilað geti 3500 til 4000 GWh ársorku um eða upp úr aldamótum. Forsendur þess að það takist eru, að með nýrri tækni og reynslu af byggingu virkjana megi stytta þann tíma sem þarf til undirbúnings, og jafnframt er vonast til að hægt verði að draga verulega úr kostnaði við hönnunarrannsóknir. Að hluta byggist það á vönduðum grunnrannsóknum. Ef hvergi er slakað á í vatnamælingum, minnka með tímanum líkurnar á því að skortur á rennslisögnum tefji undirbúning, því rennslisáætlanir og þar með vitneskja um orkugetu verða betri eftir því sem lengur hefur verið mælt. Góð staðfræðikort í stórum mælikvarða og traust landmælinganet ásamt ítarlegri þekkingu á jarðfræði virkjunarvæða stytta þann tíma sem þarf til að undirbúa hönnun og síðar byggingu virkjunar.

Ennfremur þarf að undirbúa það að framhald geti orðið á nýtingu vatns-



Hálendið suðaustan Fljótsdals (Hraun) er mikið úrkomusvæði. Í bakgrunni er Þrándarjökull, en fremst sér í Ytri-Sauðá. Í athugun er hvort hagkvæmt sé að safna vatni af þessu svæði til virkjunar í Suðurdal í Fljótsdal. (Ljósmynd: Oddur Sigurðsson).

*Feasibility studies are now conducted on the hydro power potential of the area to the east of the planned Fljótsdalsvirkjun hydro power project, East Iceland.*

orku, en hagkvæmir virkjunarkostir hérlandis eru fyllilega samkeppnisfærir við ódýrustu orkuvinnslumöguleika víðast hvar í heiminum, og allar líkur á að nauðsynlegar aðgerðir til að draga úr mengun við orkuframleiðslu úr kolum, olíu og kjarnorku muni styrkja samkeppnishæfni vatnsorku. Það er því talið nauðsynlegt að hefja endurskoðun eldri virkjunaráætlana og undirbúa forathugun á svæðum, sem sannanlega búa yfir mikilli vatnsorku. Viða vantar enn ýmis grunngögn til að meta hana, svo sem nákvæm staðfræðikort í stórum mælikvarða og nákvæmari rennslisgögn.

Hugmyndir um verkskil milli Orkustofnunar og Landsvirkjunar hafa byggst nokkuð á hefðum sem sköpuðust á þeim árum sem athafnasvið Landsvirkjunar var þrengra en það var skilgreint í lögum nr. 42 frá 1983. Áður hafði Orkustofnun verið falin umsjón með rannsóknarstigum, sem nú eru ótvírætt á ábyrgð Landsvirkjunar, sem „ákveður að fengnum nauðsynlegum heimildum hvar virkjað skuli og hvenær“ en „Orkustofnun annist grundvallar- og almennar rannsóknir til undirbúnings ákvarðana um virkjunarstaði“ (úr reglugerð um Landsvirkjun nr. 760/1983). Markmið grunnrannsókna Orkustofnunar gæti skv. þessu verið að sýna fram á að einn virkjunarstaður sé betri en annar með hæfilegu öryggi. Það er talið mögulegt án þess að hanna þurfi mannvirki eða gera ítarlegar jarðfræðikortlagningu sé lokð eða langt komið þegar að hönnun kemur. Þetta ásamt fleiri þáttum sem minnst er á íngangi kaflans er grundvöllur að nánari samvinnu milli Orkustofnunar og Landsvirkjunar. Henni þarf að finna eðlilegan farveg líkt og samvinnu þessara aðila um vatnamælingar.

Stöðugt er unnið að endurskoðun og þróun virkjanálíkans Orkustofnunar. Verðlagsforsendur voru endurskoðaðar á árinu. Sérstök áhersla var lögð á að endurskoða kostnað við jarðgangagerð, með hliðsjón af raunkostnaði við göng Blönduvirkjunar og Múlagöng. Væntanleg jarðgöng Fljótsdalsvirkjunar munu síðar meir styrkja mjög allar forsendur fyrir kostnaðarmati jarðganga hér á landi.

Hönnun á tölvutækum gagnabanka um virkjanir er langt komin, og byrjað

er að undirbúa flutning og innslátt gagna. Tilkoma gagnabankans mun auðvelda mjög að átta sig á stöðu rannsókna og úrvali virkjunarkosta á hverjum tíma.


Á vegum samstarfsnefndar löndaráðuneytis og Náttúruverndarráðs um orkumál (SINO) var byrjað á yfirliti um líkleg virkjunarvæði og fyrirsjánlega árekstra milli mögulegra virkjunarleiða við aðra nýtingarhagsmuni, svo sem náttúruvernd, útivist og hlunnindi. Þessi vinna tengist þingsályktunartilögu, sem samþykkt var á 111. löggjafarþingi um verndun vatnsfalla og jarðitasvæða. Að þessu er unnið sameiginlega af starfsmönnum Orkustofnunar, Landsvirkjunar og Náttúruverndarráðs.

## Rannsóknir einstakra virkjunarstaða

Forathuganir á einstökum virkjunarstöðum hafa að mestu legið niðri vegna óvissu um markaðshurfur fyrir raforku til stóriðu. Aðallega hefur verið


unnið að forathugun á Austurlandi. Þar er verið að kanna möguleika á nýtingu vatns af Hraunum (Hraunavirkjun/Fljótsdalsvirkjun 2), sem er landsvæði austan við virkjunarvæði væntanlegrar Fljótsdalsvirkjunar. Lokð var bráðabirgðaútgáfu jarðfræðikorta af virkjunarvæði Jökulsá á Dal. Grunnvatn á Nýjabæjarfrétt í Skagafirði var kannað í tengslum við hugmyndir um að veita því til virkjunar af Hofsafrétt niður í Vesturdal. Mælt var vegna korta með 5 m hæðarlínúm austan Möördals á virkjunarvæði Austurlandsvirkjunar (Jökulsá á Fjöllum – Jökulsá á Dal).

Mælt var hæðar- og þríhyrninganet fyrir Landsvirkjun vegna kortagerðar við Grjótá á Fljótsdalsheiði. Á vegum Landsvirkjunar voru boraðar 8 nýjar kjarnaholur, samtals 1500 m, á leið væntanlegra aðrennslisganga Fljótsdalsvirkjunar frá Eyjabökum að Teigsbjargi. Orkustofnun sá um eftirlit með borun og úrvinnslu, ásamt ýmsum prófunum á borkjarnanum og í holunum. Auk þess var kjarni úr 6 eldri holum á stöðvarhússtæði, u.p.b. 900 m, endurmetin til samræmis við nýjar kröfur.



Myndin sýnir áætluð viðbrögð Hofsjökuls við hugsanlegum hlýindum af völdum vaxandi gróðurhúsa-áhrifa. Miðað er við að hiti vaxi um 1-1,5 °C á næstu 50 árum og breytist ekki eftir það. Efri myndin sýnir reiknuð meðalþversnið jökulsins með 50 ára millibili næstu 200 árin og áætlaða jafnvægisstöðu. Neðri myndin sýnir reiknaða breytingu á rúmmáli og afrennslisaukningu frá jöklinum næstu 200 árin. (Heimild: Tómas Jóhannesson 1991).

Above: Profiles of Hofsjökull ice cap as a function of time calculated on the assumption that the temperature increases by 1-1.5 °C during the next 50 years as a result of greenhouse warming. Below: Calculated volume reduction as a function of time (solid curve) and corresponding increase in runoff from the ice cap (dotted curve) based on the same warming as above.



Rennsli á tveim mælistöðum í jökulám á Siðu. Sýndar eru árstíðabundnar breytingar meðalrennslis (ársferill) síðastiliðinn áratug og til samanburðar rennsli ársins 1990. Fyrir Djúpá er einnig sýndur ársferill tímabilsins 1971-1980. Samanburður tímabilanna gefur til kynna langtímaþreytingar á rennsli.

	Einkenni	Vhm, nr.	Vatnasvið	Meðalrennsli	Afrennsli	Tímabil
Hverfisfljót við brú	J	71	345 km <sup>2</sup>	38,0 m <sup>3</sup> /s	110 l/s/km <sup>2</sup>	'82-'90
Djúpá í Fljótsdal v. brú	J+L	150	260 km <sup>2</sup>	21,1 m <sup>3</sup> /s	81 l/s/km <sup>2</sup>	'82-'90
" "	"	"	"	"	27,7 m <sup>3</sup> /s	'71-'80

Meðalrennsli beggja árna 1990 var um 10% yfir meðaltali síðasta áratugs, en Djúpá var 15% undir meðaltali áranna 1971-80.

*Hydrographs showing the mean yearly variation of discharge for the periods 1971-'80 and 1982-'90 as well as the daily flows for the year 1990 for two rivers in SA Iceland.*

## Vatnamælingar

### Rekstur vatnshæðarmæla

Vatnshæðarmælar eru flokkaðir eftir markmiðum með rekstri þeirra og taka ýmsir aðilar þátt í honum eftir eðli máls. Áformað er að fá fleiri aðila en orkuþyrtækin til þátttökum í rekstri einstakra mælistöðva, t.d. Vegagerð ríkisins og sveitarfélög.

Í tengslum við fyrirhugaða virkjun Jöklulsár í Fljótsdal voru settir upp mælar í ám sem verður veitt inn á aðalvatnsviði: Grjótá á Vesturöræfum, Kelduá ofan Grjótár á Hraunum og Sauðárvatnsós. Á Hraunum suður og austur af Fljótsdalsvirkjunarvæðinu er eitt mesta úrkomusvæði landsins og býður það upp á ýmsa virkjunarkosti, jafnvel tengda Fljótsdalsvirkjun. Því var lögð aukin áhersla á þetta svæði, m.a. settir upp mælar í Hamarsá í byggð og í Geithellnaá á hálandisbrún. Viðtækur rennslismælingar fóru fram á báðum þessum svæðum s.l. vor. Í Köldukvísl við Þveröldu var sett mælistöð og kláfur og mælistöð í Seyðisá á Kili. Með þeim er ætlað að fylgjast með náttúrulegu rennsli á viðkomandi virkjunarsvæði. Bætt var við mæli í Kreppu (við Þorláksslindir), en tilgangur með honum

er að fylgjast með grunnrennsli Kreppu sem rennur þar auð allan veturinn. Á s.l. vetri voru farnar ferðir í samvinnu við Landsvirkjun um vatnsvið Jökulsár á Fjöllum frá Grímsstöðum að Vaðöldu til samanburðarmælinga og lykilmælinga við vatnshæðarmæla árinna. Mælir við Langavatn á Glámu var tekinn í rekstur á ný, og eru nú þrír hálandismælar í gangi vegna athugunar á stækkun Mjólkárvirkjunar. Tekin voru 165 aurburðarsýni.

Á árinu tók Orkustofnun þátt í stofnun norræns vinnuhóps til að fjalla um vatnamælingakerfi. Markmiðið er að þróa tölfraðilegar aðferðir við hönnun, uppbryggingu, umfang og rekstur vatnamælingakerfa, til að nýta sem best fé sem til slíkrar starfsemi rennur.

### Jöklamælingar

Allt vatnafar stóránna er mjög háð árferði á jöcli, og getur munan tugum hundraðsluta af ársrennsli til og frá eftir afkomu þeirra. Jöklar eru mikilvægt forðabúr fyrir vatnsorkukerfið þar sem þeir liggja hátt yfir sjó en þar er úrkoma að jafnaði miklu meiri en annars staðar á landinu.

Á vatnsárinu 1989-90 var haldið áfram nákvæmum mælingum á afkomu norðanverðs Hofsjökuls (Sátujökuls)

og til samanburðar voru mæld snið á Þjórsárjöklum og Blágnipujökli á austan- og sunnanverðum jöklum. Sátujökull minnkaði frá fyrra tímabili, eins og allur Hofsjökull.

Á þessu ári hefur verið fylgst með breytingum á jökluspordum í 60 ár, en Jón Eyþórsson hóf þessar mælingar 1930. Frá árinu 1988 hefur Orkustofnun haft umsjón með mælingunum í samvinnu við Jöklarannsóknafélag Íslands, sem fram að því sá um þær. Á tímabilinu 1930 til 1960 hopuðu allir jöklar, en á síðara 30 ára tímabilinu gekk um fjórðungur mældra jöklusporda fram. Niðurstöður birtast árlega í tímartínu Jöklum og eru sendar World Glacier Monitoring Service til birtingar í Alheimsjöklatali.

Mögulegar breytingar veðurfars af völdum gróðurhúsaáhrifa geta verið afgerandi fyrir afkomu jöklar. Viðbrögð Hofsjökuls við jafnhækkandi hita næstu 50 árin voru prófuð í reiknilíkani. Meðfylgjandi myndir sýna helstu niðurstöður miðað við að hiti að 50 árum liðnum verði um 1-1,5 °C hærrí en nú og hækki ekki meira eftir það. Sú hækkan hita samsvarar um 200 m hækkan hjarnmarka og eykur afrennsli frá jöcli um 40 m<sup>3</sup>/s eftir 50 ár (heildarjökulafrénnslu frá Hofsjökli er um 150 m<sup>3</sup>/s). Síðan dregur úr rennslisaukn-

ingunni, en hún verður þó enn um 10 m<sup>3</sup>/s að 200 árum liðnum.

## Landmælingar

Eins og undanfarin ár tók Orkustofnun þátt í tilraunum með að nota gervitunglamælingar til að fylgjast með jarðskorpubreytingum. Mælt var vegna kortagerðar á virkjunarsvæðum Austanlands. Mælt var á Nesjavöllum og Hengilssvæði til að fylgjast með hæðarbreytingum lands fyrir Hitaveitum Reykjavíkur.

## Jarðfræðikortlagning á Þjórsár/Tungnaárvæði

Í samvinnu við Landsvirkjun var unnið að kortlagningu á kortblöðunum Nyrðri-Hágöngur og Þjórsáver. Miklar haustrigningar komu í veg fyrir að því yrði lokið eins og til stóð. Gengið var frá kortblöðunum Botnafjöll (Þórisós – Þveralda) til prentunar. Lokið er handritum af kortum af kortblaði Kóngsós (Gljúfurleit). Handritum af kortblaði Tungnárjökull (Jökulheimar) er að mestu lokið. Samkvæmt áætlun skal útvinnu við þetta verk vera lokið 1991.

## Önnur jarðfræðikortlagning

Á árinu var unnið að endurskoðun á samstarfssamningi Orkustofnunar og Landsvirkjunar um framhald kortlagningar á öðrum virkjunarsvæðum, þar sem líkur eru á að næstu virkjanir muni risa.

Gefin voru út tvö kort af Fljótsdalsheiði – Hraunum í mælikvarða 1:50.000 í samvinnu við Landsvirkjun. Útgáfan er til bráðabirgða í þeim skilningi að þau eru ekki í kortblaðastaðli og upplýsingar ekki eftir ítrasta staðli.

Á árinu var gengið frá samningum milli bæjarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Orkustofnunar um jarðfræðikortlagningu svæðisins (kortblað 1613 III) á 4 kortblöðum í mælikvarða 1:25.000. Þetta verða fyrstu kort sinnar tegundar af þéttbýlissvæðum á landinu. Auk jarðfræðinga Orkustofnunar munu jarðfræðingar Náttúrufræðistofnunar, Háskóla Íslands, Reykjavíkurborgar, Hitaveitu Reykjavíkur og Jón Jónsson, jarðfræðingur, vinna að verkinu í umsjá Orkustofnunar. Ráðgert er að þessu verki ljúki 1994.

## Grunnvatnsrannsóknir

Lokið var við rannsóknir vegna fiskeldisverkefna í Landbroti – Meðallandi og Aðaldal og á sunnanverðum Vestfjörðum. Haldið var áfram athugunum sem tengjast vatnafarskortlagningu á ýmsum virkjunarsvæðum. Unnið var úr gögnum um efnainnihald grunnvatns á landinu, einkum á hálandinu. Munu fyrstu niðurstöður birtast 1991.

## Þjónustuverkefni

### Vatnsöflun og vatnsvernd

Ýmsum sveitarfélögum var veitt ráðgjöf og rannsóknarþjónusta vegna vatnsöflunar og vatnsverndar. Má þar nefna Kópavog, Sandgerði, Voga á Vatnsleysuströnd, Borgarnes, Reykhóla, Hveragerði o.fl. Mjög gott samstarf hefur tekist við Skipulag ríkisins um mat á vatnsvernd og vatnsöflun vegna svæðisskipulags, t.d. í Ölfusi. Er þar m.a. byggt á reynslu af svæðisskipulagi Suðurnesja, en vatnsverndarskipulag þar á ekki síst rót sína að rekja til rannsókna og tillagna sérfræðinga Vatnsorkudeildar, allt frá 1975.

### Jarðfræði og mannvirkjagerð

Orkustofnun tók drjúgan þátt í rannsóknum í Hornafirði á vegum Hafnar-málastofnunar og Hafnarhrepps. Rennsli var mælt á um klst. fresti yfir inn- og útfall við stórstraum á þremur sniðum. Hámarksrennsli var rúmlega 4000 m<sup>3</sup>/s í Hornafjarðarósi, og samtals runnu um 60 GI á einu falli út um ósinn. Rennsli fljótanna er hverfandi í þessum samanburði.

Á vegum Orkustofnunar voru unnin nokkur verk fyrir Vegagerð ríkisins. Á Austurlandi var haldið áfram athugun á berggrunni á nokkrum stöðum þar sem komið hefur til tals að gera jarðgöng. Á Vestfjörðum var lokið berggrunnsrannsóknum vegna jarðganga undir Breiðadals- og Botnsheiðar. Rannsóknir þessar fólust að miklu leyti í jarðfræðikortlagningu, en einnig fór fram kjarnaborun og var unnið úr kjarnanum; berg greint og bergtækniligrir eiginleikar þess metnir. Voru þetta síðustu rannsóknir fyrir útboð, sem er ráðgert 1991.

Sem fyrr var talsvert um þjónustu við sveitarfélög, fyrtærki og einstaklinga vegna grundunar mannvirkja.

## Stjórnsýsla


### Stjórnsýsla

Helstu verkefni á sviði stjórnsýslu eru fjárréiður, bókhald og starfsmannahald. Einnig ýmis sameiginleg þjónusta svo sem útgáfa, rekstur teiknistofu, bókasafns, húsnaðis, matstofu og tölvu. Jafnframt annaðist Orkustofnun bókhald og fjárvörslu fyrir Raftagnseftirlit ríkisins, samkvæmt beiðni þess, til 1. maí 1990, en þá tók eftirlitið við fjármálum og bókhaldi sínu, en nokkuð áður hafði það tekið við launa-bókhaldinu.

### Fjármál

Samkvæmt meðfylgjandi rekstrarreikningi námu bókfærð útgjöld á árinu 1990 alls tæpum 330 milljónum króna en tæpum 297 milljónum árið áður. Raunvirði útgjalda Orkustofnunar lækkaði um 3% milli ára. Fjárvéitingar námu 212,5 milljónum króna. Auk þess fékk stofnunin 1,5 Mkr. fjárvéitingu á fjáraukalögum ársins til óvæntrar greiðslu á biðlaunum til starfsmanns sem áður vann hjá stofnuninni og ráðuneytið ákvæði að hún skyldi greiða. Fjárvéitingar 1989 námu tæpri 201 milljón króna og lækkuðu fjárvéitingar 1990 að raunvirði um 7,8% frá fyrra ári. Sértekjur fyrir selda þjónustu einkum til hitaveitna og raforkuframleiðenda (Landsvirkjunar, RARIK) námu um 112,5 milljónum króna samanborið við 101,8 milljónir króna árið áður. Þær lækkuðu því að raunvirði um 3,7% milli ára.

Þetta gerði það nauðsynlegt að beita strangri aðgát á útgjöldum ársins 1990 og var það gert. Einnig hafði þurft að beita mjög strangri útgjaldagát á árinu 1989. Með því móti tókst að halda höfuðstól stofnunarinnar jákvæðum þannig að hann var í árslok 1990 jákvæður um 3,2% af tekjum ársins. Til samanburðar var hann jákvæður um 4,6% í árslok 1989 og 2,4% í árslok 1988, en hann hafði verið neikvæður um 1,6% í lok 1987. Að hluta stafar hinn jákvæði höfuðstóll 1990 af því að vegna útgjaldagátarinnar voru ýmis tæki þöntuð svo seint á árinu að þau höfðu ekki komið til útgjalda þegar bókhaldi ársins var lokað og er sá hluti hans því fé sem þegar hefur verið ráðstafað. Sömu ráðstafana hafði orðið að grípa til á árinu 1989.



Þróun heidarútgjaldla, fjáreitinga og launa árin 1981-1990. Eigin tekjur Orkustofnunar brúa bilið milli útgjaldla og fjáreitinga.


A diagram showing the trend of total expenses (1), direct Government funding (2) and salaries and wages (3) respectively.

## Starfsmannahald

Undir lok ársins 1990 voru starfsmenn stofnunarinnar samtals 90 en voru 97 á sama tíma árið 1989. Af þessum 90 voru 82 ráðnir ótímabundinni ráðningu, en 8 voru enn verkefnaráðnir. Í þessum tölum er átt við starfsmenn í heimiluðum stöðum þ.e. ótímabundnum eða verkefnabundnum. Ekki eru taldir með 5 starfsmenn í leyfum frá föstum störfum.

Nýtt stöðugildi við stofnunina í árslok voru samtals 87,35. Sem fyrr eru ekki taldir með þeim sem eru í leyfum.

Heildarfjöldi ársverka var um 93,5 og þar af vann sumarfolk rösklega 3 ársverk. Fækkun frá fyrra ári nemur 2,5 ársverkum eða 2,6%.



Ársverkum fækkaði um 2,6% frá 1989 til 1990.  
The trend in the full-time staff numbers at Orkustofnun.

Svo sem framangreindar tölur gefa til kynna urðu verulegar breytingar á starfsliði á árinu. Hér skulu nefndir sérstaklega þrír fyrrverandi starfsmenn.

Ólafur Sigurjónsson, verkstjóri, lést í febrúar, en hann hafði átt við langvarandi veikindi að stríða. Ólafur hóf störf hjá Raforkumálaskrifstofunni, forvera Orkustofnunar, þann 1. 11. 1958. Hann hafði því skilað stofnuninni löngum starfsdegi og ávallt sinnt störfum sínum af miklum dugnaði og ósérhlífni. Það metur stofnunin og þakkar.

Guðmunda Andrésdóttir, yfirtækni-teiknari, létt af störfum fyrir aldurs sakir hinn 1. desember.

Guðrún Gísladóttir, deildarstjóri, létt og af störfum fyrir aldurs sakir í lok ársins.

Báðar höfðu þær Guðmunda og Guðrún þjónað stofnuninni um langt árabil. Stofnunin þakkar þeim, sem og öðrum fyrrverandi starfsmönnum, prýðileg störf og óskar þeim alls hins besta um ókomin ár.

## Þjónusta og rekstur

Lokið var við viðgerðir og málningu innanhúss á stofnuninni. Máladríð voru allir gangar og herbergi á þriðju hæð hússins og voru öll teppi tekin í burtu og settur díkur í staðinn. Einnig voru stigahús máluð. Af öllum þessum framkvæmdum, sem staðið hafa yfir

s.l. tvö ár, hefur stofnunin gjörbreyst innandyra, og til að gera ganga hlýlegri var gerður leigusamningur við ASÍ um svonefnda vinnustaðasýningu, en hún felur í sér leigu á 31 listaverki og prýða þau nú ganga Orkustofnunar.

Húsnaðið sem Orkustofnun hefur til umráða að Grensásvegi 9 undir skrifstofur, bókasafan, teiknistofu og fleirra er samtals 3.290 m<sup>2</sup>. Í kjallara hússins leigir stofnunum um 700 m<sup>2</sup> húsnaði af Sólunefnd varnarliðseigna og nýrir það sem geymslur fyrir bókasafn, bókhaldsgög, bifreiðar, vélsleða og ýmsan annan búnað. Þá á stofnunin húsnaði að Keldnaholti, sem aðallega er nýtt sem geymslur fyrir borkjarna og svarf.

Orkustofnun rak á árinu tvær fjölnendumdatölvur af gerðinni Hewlett Packard 9000. Tölvurnar eru tengdar með staðarneti (TCP/IP). Á árinu voru á annan tug einmenningstölvu tengdar staðarnetinu með hugbúnaðinum PC/NFS. Þessi tenging gerir mögulega samnýtingu diskja og prentara frá öllum tölvum á netinu. Teknir voru í notkun tveir geislaprentrar sem vinna samkvæmt Postscript staðlinum.

Á árinu voru teknar í notkun 5 útstöðvar sem vinna samkvæmt X Window System staðlinum. Þessir skjáir eru stærri og með mun betri upplausn en þeir skjáir sem almennt eru notaðir á einmenningstölvum. Stefnt er að því að útstöðvarnar sem notaðar eru til að tengast fjölnendumdatölvunum verði endurnýjaðar með X stöðvum.

Hafist var handa við að endurskrifa bókhaldsforrit Orkustofnunar. Nýja forritin eru skrifuð í forritunarmálínu ANSI-C á þann hátt að þau geta gengið á tölvum frá fjölmögum framleiðendum. Skráauppbyggingu bókhaldskerfisins var breytt til að koma í veg fyrir margskráningu upplýsinga og áreiðanleiki kerfisins þar með aukinn. Nýja kerfið verður tekið í notkun í ársþyrjun 1991.

Á bókasafni stofnunarinnar voru í árslok 1990 skráðar tæplega 1200 bækur og á 3ja hundrað tímarit, erlend og innlend. Bóka- og tímaritakostur safnsins er að sjálfssögðu einkum miðaður við þarfir notenda þess þ.e. starfsmanna Orkustofnunar. Bækur og fagtímarit eru gjarnan keypt í samráði við og eftir óskum sérfraðinga stofnunarinnar og þá oftast frá erlendum útgáfu- og dreifingaraðilum. Aðalefni safnsins eru því bækur, tímarit og skýrslur á svíði orku-mála og jarðvísinda.

Safnið veitir starfsmönnum ýmiskonar

þjónustu svo sem að ljósrita efnisyfirlit tímárita jafnóðum og þau berast og dreifa þeim síðan til viðkomandi sérfræðinga. Þá sjá starfsmenn bókasafnsins um dreifingu á skýrslum Orkustofnunar en þær eru til sölu svo lengi sem upplag endist.

Í samráði við Risö Bibliotek í Danmörku eru valdar skýrslur Orkustofnunar skráðar í tölvubankann Nordic Energy Index (NEI).

Þá útvegar safnið ljósrit af greinum og rit að láni úr öðrum söfnum fyrir starfsmenn. Samsvarandi þjónusta er og veitt öðrum söfnum. Slík þjónusta, svenefnd millisafnalán, er mikilvægur þáttur í starfsemi safnsins sem og annarra sérfræðisafna, sem ekki geta keypt öll þau rit sem þörf er á.

Í málasafni Orkustofnunar eru m.a. varðveisittar rannsóknarskýrslur stofnunarinnar ásamt skýrslum og skjölum varðandi mál, sem stofnunin fæst við.

Á byrjun ársins var skipulagi rekstrarstjórnar stofnunarinnar breytt verulega. Rekstrarstjórn vatnsorku- og jarðhitadeilda, sem verið hafði aðskilin, var sameinuð og flutt yfir á stjórnsýsludeild. Þannig er nú sameiginleg rekstrarstjórn fyrir alla stofnunina. Markmiðið með þessum breytingum var að samræma og hagræða í rekstri stofnunarinnar og má fullyrða að breytingarnar hafi þegar skilað verulegum árangri.

Af þessum skipulagsbreytingum leiddi nokkur tilflutningur starfsmanna þannig að Helgi Gunnarsson, sem þar með varð rekstrarstjóri Orkustofnunar og fulltrúar hans, bær Eva Kaaber og Guðrún Bjarnadóttir, fluttust öll yfir á stjórnsýsludeild. Eva og Guðrún hafa þó áfram aðsetur hvor á sinni deild.

Á teiknistofu bættust um 800 teikningar í teikningasafnið. Skráðar og varðveisittar teikningar í safninu eru orðnar milli þrjátíu og fjörutíu þúsund, sú elsta frá 18. apríl 1935.

Árið 1990 voru gefnar út alls 53 skýrslur, sem skiptast í 12 A-skýrslur og 41 B-skýrslu. Að venju var gefin út árs-skýrsla Orkustofnunar fyrir undangengið ár. Auk þess var Orkustofnun aðili að útgáfu nokkurra annarra rita á sviði vatnsorku. Aftast í skýrslu ársins 1990 er að finna skrá yfir útgefnar skýrslur og rit, og er þeim raðað eftir deildum og viðfangsefnum. Einnig er þar skrá yfir helstu greinar, sem starfsmenn hafa skrifnað, og birst hafa á öðrum vettvangi, svo og skýrslur Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

## Reikningar Orkustofnunar 1990

### Rekstrarreikningur

	1990 þús. kr	1989 þús. kr
Fjárveiting til Orkustofnunar .....	213.986	200.870
Sértekjur:		
Framlög til Háskóla S.P. ....	20.050	16.169
Sérverkefni fyrir lönaðarráðuneyti .....	2.335	5.500
Seld þjónusta önnur .....	81.529	67.259
Ýmsar tekjur .....	8.609	12.837
REKSTRARTEKJUR ALLS .....	<u>326.509</u>	<u>302.635</u>

### REKSTRARGJÖLD

Rekstur Stjórnsýsludeilda .....	74.455	62.739
Rekstur Vatnsorkudeilda .....	102.031	92.257
Rekstur Jarðhitadeilda .....	132.598	128.180
Gjaldfærður stofnkostnaður .....	20.850	13.393
REKSTRARGJÖLD ALLS .....	<u>329.934</u>	<u>296.569</u>
Launakostnaður í rekstri .....	201.090	181.413
GJÖLD UMFRAM TEKJUR .....	(3.425)	
TEKJUR UMFRAM GJÖLD .....		6.066

### Efnahagsreikningur

	1990 þús. kr	1989 þús. kr
Bankareikningar .....	4.875	28.013
Skammtimakrófur .....	43.033	39.294
EIGNIR ALLS .....	<u>47.908</u>	<u>67.307</u>

### SKULDIR

Ríkissjóður .....	18.950	37.491
Skammtimaskuldri .....	18.402	15.835
SKULDIR ALLS .....	<u>37.352</u>	<u>53.326</u>

### EIGIÐ FÉ

Höfuðstóll .....	10.556	13.981
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS .....	<u>47.908</u>	<u>67.307</u>

# Skýrslur, rit og greinar 1990

Skýrslur Orkustofnunar fjalla um þau rannsóknarverkefni sem Orkustofnun annast. Þar er fyrst og fremst um að ræða eigin skýrslur stofnunarinnar, en jafnframt niðurstöður verkefna sem Orkustofnun tekur að sér fyrir verkkaupa, og er nafns viðkomandi þá getið í lok heimildar um það rit. Í nokkrum tilfellum hefur stofnunin fengið aðra aðila til að vinna fyrir sig ákvæðið verk og er þess þá einnig getið í lok heimildar. Skýrslur Orkustofnunar skiptast í tvo meginflokk, annars vegar eiginlegar rannsóknarskýrslur (A-skýrslur), sem að jarfnaði eru gefnar út í 75-150 eintaka upplagi og ætlaðar til dreifingar út á við, og hins vegar bráðabirgðaskýrslur eða verkfangagögnum, eikenndar sem B-skýrslur, sem að öllu jöfnu eru fjölfaldaðar í litlu upplagi og aðeins ætlaðar til takmarkaðrar dreifingar. Auk þess er saminn fjöldi greinargerða sem varða rannsóknarstarfsemi stofnunarinnar og eru þær skrásettar sérstaklega og eintök af þeim varðveitt á bókasafni.

## Orkubúskapur

